

**Fuglalíf við Þverárfjallsveg frá Skagaströnd að
Sauðárkróki**

Ólafur Einarsson

Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki

NÍ-98020

Reykjavík, október 1998



EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1 INNGANGUR	3
2 STAÐHÆTTIR	3
3 AÐFERÐIR	3
4 NIÐURSTÖÐUR	4
5 UMFJÖLLUN	7
6 ÞAKKIR	8
7 HEIMILDIR	9
SKRÁ YFIR TÖFLUR OG VIÐAUKA	
1. tafla. 10×10 km reitir á athugunarsvæðinu og staðsetning þeirra	4
2. tafla. Fuglar sem sóust við Skagaveg og Þverárfjallsveg í júní 1998	5
3. tafla. Staðsetning og tímasetning sniða við Skagaveg og Þverárfjallsveg í júní 1998	5
4. tafla. Talningar á fuglum á sniðum I–VII við Skagaveg og Þverárfjallsveg í júní 1998	7
1. viðauki. Varpfuglar í reitum á athugunarsvæðinu árið 1998	10

1 INNGANGUR

Þann 15. maí 1998 barst Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar Íslands erindi frá Vegagerðinni á Sauðárkróki um að gera úttekt á gróðurfari og fuglalífi við fyrirhugaðan Þverárfjallsveg og Skagaveg milli Skagafjarðar og Skagastrandar. Lengd vegakafans er 36–38 km og þar af verða 10–12 km endurbyggðir í gamla vegarstæðinu.

Í skýrslu þessari er fjallað um athuganir á fuglalífi en gróðurathugunum eru gerð skil í skýrslu Harðar Kristinssonar (1998).

2 STAÐHÆTTIR

Athugunarsvæðið var á og við fyrirhugaða nýja vegarkafila sem tilheyra Þverárfjallsvegi (nr. 744) og Skagavegi (nr. 745). Þverárfjallsvegur liggur frá Skagastrandarvegi við Laxá á Skagaströnd, inn Norðurárdal, yfir heiðina upp frá bænum Þverá, eftir Þverárfjalli, niður í Laxárdal og tengist Skagavegi nálægt Skíðastöðum. Vegurinn liggur svo þaðan yfir Laxárdalsheiði inn Gönguskörð að Sauðárkróki.

Athugunarsvæðinu var skipt niður í átta mismunandi svæði og valkosti (sbr. Hörð Kristinsson 1998). Fyrsta svæðið er frá Skagastrandarvegi við Laxá þar sem fyrirhugað vegarstæði kemur til með að liggja sunnan við Laxá, í nágrenni við bæinn Neðri-Mýrar og yfir Laxá að mynni Norðurárdals (Neðri-Mýraleið). Annar valkostur kemur einnig til greina, norðan ár, þar sem núverandi vegur liggur frá Skagastrandarvegi norðan við Laxá framhjá Njálstöðum að mynni Norðurárdals (Njálstaðaleið). Norðurárdalur upp að Þverá er þriðja svæðið en fjórða svæðið er frá Þverá yfir Þverárfjall niður að Illugastöðum í Laxárdal (Þverárfjall). Fimmta svæðið er Laxárdalur að Skagavegi. Sjötta svæðið er frá gatnamótum Skagavegar og meðfram honum til suðurs að Veðramótum í Gönguskörðum og (Laxárdalsheiði–Gönguskörð). Sjöunda og áttunda svæðið eru við Sauðárkrók, en tveir möguleikar eru á aðkomu að Sauðárkróki, annað hvort samsíða Gönguskarðsá á svipuðum slóðum og núverandi vegur liggur (svæði sjö, Gönguskarðsá, syðri leið) eða um Reykjastrandarveg á smá kafla, síðan um sjávarkambinn við Skarðskrók og niður hann við ós Gönguskarðsár (svæði átta, Gönguskarðsá, nyrðri leið).

3 AÐFERDIR

Athuganir á fuglalífi fóru fram 9. og 10. júní 1998. Þá var verið að merkja veglínu á Þverárleiði en annars staðar var hún ómerkt. Við athuganir var því stuðst við nákvæm kort af vegarstæði frá Vegagerðinni á Sauðárkróki.

Í vettvangsathugun var ekið eftir núverandi vegi. Þar sem nýr vegur verður byggður frá grunni var gengið um og fuglalíf athugað en ekki á þeim stöðum sem fyrirhugaður vegur verður byggður upp á núverandi vegi. Til þess að meta þéttleika mófugla var talið á sjö sniðum í nágrenni við eða á fyrirhuguðu vegarstæði. Talið var á tveimur beltum, 100 m og 200 m (sbr. Järvinen og Väisänen 1975, Järvinen 1976, Bibby o.fl. 1992). Í útreikningum á þéttleika var leiðrétt fyrir þá fugla sem ekki sjást eftir því

sem fjær dregur miðlínu sniðs. Þar er stuðst við línulega formúlu sem fundin hefur verið út í rannsóknum á varphéttleika fugla (Järvinen 1976, Bibby o.fl. 1992). Fuglar sem sáu utan sniða voru einnig skráðir.

Íslandi hefur verið skipt niður í 10x10 km reiti til rannsókna á útbreiðslu lífvera og hefur hver reitur sitt einkennisnúmer. Reitakerfi þetta var upprunalega gert til þess að rannsaka útbreiðslu plantna á Íslandi (Hörður Kristinsson & Bergþór Jóhannsson 1970). Í rannsóknum á útbreiðslu varpfugla er upplýsinga aflað frá fuglaskoðurum og heimamönnum og einnig með vettvangsferðum. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan sex reita (1. tafla). Tekið var saman yfirlit yfir varpfugla og er það birt í 1. viðauka. Yfirlitið er byggt á óbirtum gögnum sem til voru á Náttúrufræðistofnun ásamt þeim upplýsingum sem bættust við í júní 1998.

1. tafla. 10x10 km reitir á athugunarsvæðinu og staðsetning þeirra

Reitur	Svæði
4441	Norðurárdalur, Höskuldsstaðir, Ytríey og nágrenni.
4540	Bjarnarfell, Réttarfell og nágrenni.
4541	Norðurárdalur, Ambáttardalur og nágrenni.
4640	Laxárdalur og norðurhluti Tindastóls og nágrenni.
4641	Suðurhluti Tindastóls, Gönguskörð og nágrenni.
4741	Sauðárkrókur, norðurhluti Hegraness og nágrenni.

4 NIÐURSTÖÐUR

Í reitunum sem athugunarsvæðið teygir sig um hafa fundist allt frá 2 upp í 42 fuglategundir (1. viðauki). Ástæðan er sú að sumir reitirnir hafa ekki verið heimsóttir sérstaklega vegna rannsókna á útbreiðslu fugla á Íslandi. Það á sérstaklega við reiti 4540, 4541 og 4641.

Í reit 4741 hafa verið skráðar flestar tegundir, alls 42, og telst reiturinn vera vel kannaður. Búsvæði eru einnig fjölbreytt á þessu svæði og fjölskrúðugt fuglalíf sem fylgir þeim. Í tveimur reitum hafa fundist 27 tegundir varpfugla (reitir 4441 og 4640). Í reit 4540 voru einungis skráðar tvær fuglategundir. Þessi reitur er rétt inn á athugunarsvæðið, í Laxárdal við eyðibýlið Herjólfstaði og telst vera lítt kannaður. Í reit 4541 var einungis ein tegund skráð fyrir athuganir við Þverárfjallsveg 1998, en í þessum athugunum bættust við 13 nýjar tegundir. Frekar fáar tegundir voru einnig skráðar í reit 4641 og telst sá reitur ekki heldur vera vel kannaður.

Meðan á athugunum stóð voru skráðar 24 fuglategundir á athugunarsvæðinu og þar af voru 12 sem þóttu vera líklegir varpfuglar (2. tafla). Engin þessara tegunda telst vera sjaldgæfur varpfugl hérlendis og eru þær allar algengar víða um land. Við athuganirnar fannst einungis eitt hreiður en það var þúfutittlingshreiður sem fannst í nágrenni við brúna á Laxá við Syðri-Hól. Nokkrar kríur og hettumáfar sáu reyndar á hreiðrum við Laxá í nágrenni við Neðri-Mýrar. Hjá öðrum tegundum var stuðst við atferli við mat á því hvort þær væru verpandi eða ekki.

2. tafla. Fuglar sem sáust við Skagaveg og Þverárfjallsveg í júní 1998

Tegund	Líklegir varpfuglar	Aðrir fuglar
Álf		x
Grágæs		x
Stökkönd		x
Toppönd		x
Smyrill		x
Fálki		x
Rjúpa	x	
Tjaldur		x
Sandlóa	x	
Heiðlóa	x	
Lóupræll	x	
Hrossagaukur	x	
Jaðrakan	x	
Spói	x	
Stelkur	x	
Kjói	x	
Hettumáfur	x	
Silfurháfur		x
Svartbakur		x
Kría	x	
Þúfuttlingur	x	
Maríuerla		x
Hrafn		x
Snjóttlingur		x
Alls	12	12

Fuglalíf var svipað á athugunarsvæðinu í heild. Mófuglar voru mest áberandi. Í 3. töflu er gefið yfirlit yfir snið sem tekin voru á athugunarsvæðinu. Upplýsingar um gróður á þessum svæðum er að finna í skýrslu Harðar Kristinssonar (1998).

3. tafla. Staðsetning og tímasetning sniða við Skagaveg og Þverárfjallsveg í júní 1998

Númer sniðs	Dagur	Staður	Staðsetning	Upphaf talningar	Talningar-tími	Lengd sniðs (km)
I	9.6.1998	Skarð við Sauðárkrók	65°45' N 19°41' V	10:05	00:35	1
II	9.6.1998	Melagil við Miðmundarfell	65°49' N 19°52' V	12:45	00:35	0,9
III	10.6.1998	Illugastaðir, Laxárdal	65°47' N 19°56' V	06:30	00:35	1
IV	10.6.1998	Engjalækur (við vað)	65°47' N 19°58' V	07:45	00:35	1
V	10.6.1998	Suður af Pokafelli	65°46' N 20°01' V	09:10	00:35	1
VI	10.6.1998	Þverárleiti	65°46' N 20°01' V	10:20	00:35	1
VII	10.6.1998	Skúfur, Norðurárdal	65°45' N 20°06' V	13:00	00:30	1

Í 4. töflu eru birtar niðurstöður úr sniðtalningum á fuglum við Þverárfjallsveg. Tegundasamsetning á sniðum var svipuð og einnig fjöldi tegunda; mest sáust sex tegundir á sniði IV (við Engjalæk) og minnst þrjár á sniði I (við Skarð) og III (ofan við Illugastaði). Við Neðri-Mýraleið og Njálstaðaleið er landið mjög undir áhrifum

búskapar; beitiöld, tún og framræstar mýrar setja mark sitt á landið. Toppandarpar og grágæsarpar flugu hjá í nágrenni við Njálstaði. Á áreyrum við í nágrenni við Neðri-Mýrar var lítið hettumáfs- og kríuvarp. Fimm hettumáfar lágu þar á hreiðri og fjórar kriur.

Í Norðurárdal voru mófuglar áberandi og var þéttleiki varpfugla hæstur á því sniði; 90 pör á km² (4. tafla). Þar voru heiðlóa og þúfutittlingur algengust. Einnig sáust þar aðrar tegundir svo sem stelkur, grágæs (par) og stökkönd (par) við Þverá. Í dalnum hefur landbúnaður sett mark sitt á búsvæði fugla.

Á Þverárfjalli er búsvæði fugla óraskað nema hvað vegurinn þræðir hæðir og lægðir og hefur gerð hans haft tiltölulega lítil áhrif á umhverfið. Á háheiðinni virtist vera gömul þjóðleið sem legið hefur yfir heiðina og var slóðin allgreinileg. Þessa þjóðleið þyrfti að vernda og halda við og merkja. Tekin voru þrjú snið við fyrirhugaðan Þverárfjallsveg og lýsa þau vel fuglalífi svæðisins (snið IV–VI, 3. og 4. tafla). Heiðlóa og lóupræll sáust á öllum þremur sniðunum. Líklegt er að á Þverárfjalli og nágrenni sé ágætis rjúpnaland. Þegar fuglaathuganir fóru fram var orðið það áliðið á varptíma að rjúpur voru ekki áberandi þannig að athuganir gefa ekki mynd af því hversu mikið er af rjúpu á svæðinu.

Tvö snið voru tekin í Laxárdal, við Melagil og ofan við Illugastaði. Viðast hvar með fyrirhugðum vegi í Laxárdal var erfitt að athafna sig við sniðtalningar þar sem ekki sést vel til beggja handa. Útsýni var ágætt á sniði ofan við Illugastaði þar sáust þrjár tegundir (4. tafla), en einnig varð vart við rjúpu og smyrill sást með bráð. Á hinu sniðinu við Melagil, við gatnamót Skagavegar og Þverárfjallsvegar, sáust einnig þrjár tegundir, en snjóttittlingur sást utan sniðs ásamt fálka.

Við neðri og efri leiðir við Gönguskarðsá voru mófuglar mest áberandi, samanber snið I (4. tafla). Þar sást einnig verpandi sandlóa neðan við bæinn Skarð. Nokkrir spóar sáust á því svæði þar sem vegurinn mundi sveigja af Reykjavegi og liggja um sjávarkambinn ofan við Sauðárkrók. Töluvert sást af stórum máfum á flugi við Skarðskrók en þeir komu af ruslahaugum sem eru þarna í nágrenninu. Greinilegt var að máfar sækja nokkuð í haugana sem teljast vart vera staðarþýði.

Heiðlóa fannst á öllum sniðunum og var þéttleiki hennar frá 13 pörum á km² við gatnamót Skagavegar upp í 40 pör á km² ofan við Illugastaði í Laxárdal og við Skúf í Norðurárdal. Á einu sniði var ekki reiknaður út þéttleiki heiðlóu þar sem hún var einungis skráð á 200 m belti og ekki í 100 m belti. Það sama átti einnig við í nokkrum öðrum tilfellum, og er þéttleiki þá ekki gefinn upp vegna þess að útkoman verður núll með formúlu þeirri sem var notuð. Það er því ljóst að eins kílómetra snið eru í styttra lagi þar sem þéttleiki fugla er lítill. Þúfutittlingur fannst á öllum sniðum nema einu og hann var með mestan þéttleika allra tegunda, allt upp í 60 pör á km² við Engjalæk. Aðrar tegundir voru minna áberandi og sáust ekki á öllum sniðum (4. tafla).

2. tafla. Talningar á fuglum á sniðum I–VII við Skagaveg og Þverárfjallsveg í júní 1998

Tegund	Snið I			Snið II		
	100m	200m	pör/km ²	100m	200m	pör/km ²
Sandlóa	1	1	12			
Heiðlóa	0	1		1	1	13
Hrossagaukur	0	1				
Spói				1	0	22
Þúfuttlingur	3	2	37	3	1	44
Alls	4	5	46	5	2	72

Tegund	Snið III			Snið IV		
	100m	200m	pör/km ²	100m	200m	pör/km ²
Heiðlóa	3	1	40	2	1	25
Louþræll				0	1	
Hrossagaukur				1	0	20
Jaðrakan				0	1	
Spói	1	0	20	0	1	
Þúfuttlingur	2	3	23	3	0	60
Alls	6	4	74	6	4	74

Tegund	Snið V			Snið VI		
	100m	200m	pör/km ²	100m	200m	pör/km ²
Heiðlóa	1	0	20	1	0	20
Louþræll	0	1		1	2	11
Hrossagaukur	1	1	18			
Spói				0	1	
Kjói	1	0	20			
Þúfuttlingur				2	1	25
Alls	3	2	37	4	4	47

Tegund	Snið VII		
	100m	200m	pör/km ²
Heiðlóa	2	0	40
Louþræll	1	0	20
Spói	0	1	
Þúfuttlingur	4	2	51
Alls	7	3	90

5 UMFJÖLLUN

Fuglalífi við Þverárfjallsveg og Skagaveg telst ekki vera einstakt á landsvísu og þéttleiki fugla reyndist ekki mjög mikill. Samkvæmt athugunum þá er hann svipaður og mælst hefur á heiðalöndum í Mývatnssveit, lyngmóum í Tindastóli í Skagafirði, og í heiðalöndum í nágrenni Reykjavíkur (Ólafur K. Nielsen 1980, Jóhann Ó. Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996, Ólafur Einarsson 1998).

Nokkur hluti fyrirhugaðs vegar verður byggður upp á núverandi vegi, sérstaklega á Laxárdalsheiði og í Gönguskörðum. Það er vel að núverandi vegarstæði sé notað í stað þess að brjóta nýtt land með tilheyrandi raski enda tapast vitanlega þau búsvæði sem fara undir nýjan veg. Víðast hvar á láglandi, þar sem fyrirhugaður vegur verður

byggður upp frá grunni, liggur hann um land þar sem búseta hefur sett mark sitt á landið og þar með búsvæði fugla. Þetta á við Njálstaðaleið og Efri-Mýraleið og fuglalíf svipað á þessum svæðum. Lítil munur er því á þessum valkostum með tilliti til fuglalífs, en minna rask virðist þó fylgja Neðri-Mýraleið. Fuglalíf við Gönguskarðsá er ekki mjög fjölbreytt en á þeim slóðum eru tveir valkostir í boði sem aðkomuleið að Sauðárkróki. Út frá fuglalífi skiptir litlu hvor valkosturinn verður valinn.

Í Norðurárdal við Skúf og Þverá er fyrirhugað að leggja nýjan veg í brekku ofan við núverandi veg en við það mun nýtt land og að mestu óraskað fara undir veg. Á þessu svæði mældist mestur þéttleiki fugla. Þar virtist einnig vera snjópungt svo heppilegra væri að nota núverandi vegarstæði í stað þess að búa til nýjan veg.

Mest röskun mun verða á búsvæðum fugla á leiðinni yfir Þverárfjall. Þar eru víðáttumikil heiðalönd sem núverandi vegur þræðir og fellur vel að umhverfinu. Lyngmóar, ásamt nokkuð umfangsmiklum mýrum, einkenna svæðið og nágrenni þess. Töluvert er af fuglum á þessum slóðum eins og talningar á sniðum gáfu til kynna. Fyrirhugaður vegur mun verða miklu meira áberandi í umhverfinu þar sem ekki er ráðgert að hann þræði hæðir og lægðir eins og núverandi vegur. Við framkvæmdirnar er æskilegt að búsvæðum verði raskað sem minnst, sérstaklega á þessum slóðum þar sem landið er að mestu ósnortið. Lagt er til að það verði gert með þeim hætti að ekki verði ræstar fram mýrar með veglínunni á Þverárfjalli og efst í Laxárdal. Brekkur ofan og neðan við Illugastaði eru nokkuð sérstakar. Þarna er gróðursælt og skiptast á ýmis búsvæði, mýrar, lyngmóar og melar svo tryggja þarf að sem minnst rask verði á þessu umhverfi.

Þegar fuglaathuganir fóru fram lá ekki ljóst fyrir hvar taka átti efni í veginn, en greinilega þarf mikið efni til að byggja upp þennan veg og fara verður með gát við efnistöku. Lagt er til að efni verði að mestu ekið inn á svæðið, sérstaklega á leiðinni yfir Þverárfjall frá Laxárdal yfir í Norðurárdal þar sem landröskun er lítil fyrir.

6 ÞAKKIR

Ævar Petersen las yfir handrit og Kristinn Haukur Skarphéðinsson veitti upplýsingar um fuglalíf í 10×10 km reitum á svæðinu.

7 HEIMILDIR

- Bibby, C. J., N. D. Burgess og D. A. Hill 1992. Bird Census Techniques. Gefið út fyrir British Trust for Ornithology og Royal Society for the Protection of Birds. Academic Press. London. 257 bls.
- Hörður Kristinsson 1998. Gróður við Þverárfjallsveg frá Skagaströnd að Sauðárkróki. Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki. NÍ-97017. 21 bls
- Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufræðingurinn 40: 58–65.
- Järvinen, O. 1976. Estimating relative densities of breeding birds by the line transect method. II. Comparisons between two methods. Ornis Scandinavica 7: 43–48.
- Järvinen, O. og R.A. Väisänen 1975. Estimating relative densities of breeding birds by the line transect method. Oikos 26: 316–322.
- Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996. Fuglar Austurheiðar. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstjóri). Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt, Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðarlönd (Úlfarsfell). Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrsla unnin fyrir Reykjavíkurborg.
- Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 25. 126 bls.
- Ólafur Einarsson 1998. Fuglalíf í suðvestanverðum Tindastóli. Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki. NÍ-98002.
- Ólafur K. Nielsen 1980. Rannsóknir á þéttleika mófugla í Mývatnssveit 1978 og við Önundarfjörð og Dýrafjörð 1979. Óbirt fjórða árs ritgerð við Líffræðiskor Háskóla Íslands. 55 bls.



1. viðauki. Varpfuglar í reitum á athugunarsvæðinu árið 1998*

Tegund	Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Reitir					
			4441	4540	4541	4640	4641	4741
Lómur		<i>Gavia stellata</i>						1
Himbrimi		<i>Gavia immer</i>	3					3
Flórgoði		<i>Podiceps auritus</i>						1
Fýll		<i>Fulmarus glacialis</i>	1			1		1
Álft		<i>Cygnus cygnus</i>	1	1		1	1	1
Heiðagæs		<i>Anser brachyrhynchus</i>					1	
Grágæs		<i>Anser anser</i>	1		3	3		1
Rauðhöfðaönd		<i>Anas penelope</i>	3					1
Gargönd		<i>Anas strepera</i>						1
Urtönd		<i>Anas crecca</i>						1
Stokkönd		<i>Anas platyrhynchos</i>	1		3	1		1
Grafönd		<i>Anas acuta</i>						1
Skeiðönd		<i>Anas clypeata</i>						3
Skúfönd		<i>Aythya fuligula</i>	3					1
Duggönd		<i>Aythya marila</i>						1
Æður		<i>Somateria mollissima</i>	1			1		1
Straumönd		<i>Histrionicus histrionicus</i>					3	
Toppönd		<i>Mergus serrator</i>						1
Gulönd		<i>Mergus merganser</i>	3			3		
Smyrill		<i>Falco columbarius</i>				2		
Fálki		<i>Falco rusticolus</i>	1	2	1	1	1	
Rjúpa		<i>Lagopus mutus</i>			3	3	3	1
Tjaldur		<i>Haematopus ostralegus</i>	1			1		2
Sandlóa		<i>Charadrius hiaticula</i>	3			1	2	1
Heiðlóa		<i>Pluvialis apricaria</i>	3		2	1	2	2
Sendlingur		<i>Calidris maritima</i>					1	
Lóuþræll		<i>Calidris alpina</i>			2	3	2	1
Hrossagaukur		<i>Gallinago gallinago</i>	2		2	1	2	
Jaðrakan		<i>Limosa limosa</i>	3		3			1
Spói		<i>Numenius phaeopus</i>	2		2	3	2	1
Stelkur		<i>Tringa totanus</i>	2		3	1	2	1
Óðinshani		<i>Phalaropus lobatus</i>				1	2	3
Kjóí		<i>Stercorarius parasiticus</i>			2		2	2
Hettumáfur		<i>Larus ridibundus</i>	1					1
Stormmáfur		<i>Larus canus</i>						1
Silfurmáfur		<i>Larus argentatus</i>				1		1
Svartbakur		<i>Larus marinus</i>				1		1
Rita		<i>Rissa tridactyla</i>	1					
Kría		<i>Sterna paradisaea</i>	1			1		1
Teista		<i>Cepphus grylle</i>				1		2
Lundi		<i>Fratercula arctica</i>	1					
Húsdúfa		<i>Columba livia "domestica"</i>						3
Brandugla		<i>Asio flammeus</i>	3					3
Þúfuttittlingur		<i>Anthus pratensis</i>	1		2	1	2	1
Mariuerla		<i>Motacilla alba</i>	3			1	3	1
Steindepill		<i>Oenanthe oenanthe</i>	3			1	2	3

1. viðauki, framhald. Varpfuglar í reitum á athugunarsvæðinu árið 1998*

Tegund		Reitir					
Íslenskt heiti	Latneskt heiti	4441	4540	4541	4640	4641	4741
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1		2	1		1
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1		1	1	1	1
Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>						1
Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>						3
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>				2	1	1
Alls		27	2	14	27	19	42

* Stig eru gefin samkvæmt stöðlum sem notaðir eru í kortlagningu á íslenskum varpfuglum 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994).